

Litla gula hænan
(rappútgáfa)



Litla gula hænan sagði: "Jibbí jæl!
Mikið var ég heppin - ég fann hveitifrae!
Hver ætlar nú að planta fræinu hér?
Réttið upp hönd, sem vilja hjálpa mér!"

*"Ekki ég!" sagði kisa. "Ekki ég!" sagði Snati,
"Æ, ég nenni því ekki!" sagði grísinn lati.
"Ef þið eruð svona ofsalega löt og sein,
þá ég geri ég það bara alveg ein,"
- sagði litla gula hænan og FÓRI! - YO!*

Litla gula hænan sagði: "Jú hú hú!
Það er komið að því að slá hveitið nú!
Hún fer og talar við alla sem hún sér (og segir):
"Réttið upp hönd, sem vilja hjálpa mér!"

*"Ekki ég!" sagði kisa. "Ekki ég!" sagði Snati.
"Æ, ég nenni því ekki!" sagði grísinn lati.
"Ef þið eruð svona ofsalega löt og sein,
þá ég geri ég það bara alveg ein,"
- sagði litla gula hænan og FÓRI! - YO!*

Litla gula hænan sagði: "Næsta skref,
það er að mala kornið sem ég hef,
svo að úr því verði mjöl, eins og sérhver sér.
Réttið upp hönd, sem vilja hjálpa mér!"

Birte & Baldur, okt. 2005

*"Ekki ég!" sagði kisa. "Ekki ég!" sagði Snati,
"Æ, ég nenni því ekki!" sagði grísinn lati.
"Ef þið eruð svona ofsalega löt og sein,
þá ég geri ég það bara alveg ein,"
- sagði litla gula hænan og FÓRI! - YO!*

Litla gula hænan sagði: "Hveiti í skál,
við skulum búa til brauð, það er lítið mál!
Hver vill koma hér og blanda vatn og ger?
Réttið upp hönd sem vilja hjálpa mér!"

*"Ekki ég!" sagði kisa. "Ekki ég!" sagði Snati.
"Æ, ég nenni því ekki," sagði grísinn lati.
"Ef þið eruð svona ofsalega löt og sein,
þá ég geri ég það bara alveg ein,"
- sagði litla gula hænan og FÓRI! - YO!*

Litla gula hænan sagði: "Þetta er flott!
Nú er brauðið til, og það er heitt og gott.
Svo nú segi ég við alla áður en ég fer:
Réttið upp hönd sem vilja borða með mér!"

*"Það vil ég!" sagði kisa. "Það vil ég!" sagði Snati.
"Ég vil líka!" sagði grísinn og stóð ekki á gati.
"Fyrst þið voruð svona ofsalega löt og sein,
þá ætla ég bara að borða brauðið ALEIN!"
- sagði litla gula hænan og FÓRI! - YO!*